

## Tillaga til þingsályktunar

um nýskipan í starfs- og fjöltækninámi.

Flm.: Björgvin G. Sigurðsson, Einar Már Sigurðarson, Mörður Árnason,  
Anna Kristín Gunnarsdóttir, Jóhann Ársællsson, Jón Gunnarsson, Margrét Frímansdóttir,  
Össur Skarphéðinsson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa í starfshóp fulltrúa þingflokkanna, atvinnulífsins og skólasamfélagsins sem vinni tillögur um átak til að efla starfsnám í framhaldsskólum, um stofnun nýrra, styttri starfsnámsbrauta og um stofnun fjöltækninámsbrauta innan tiltekinna fjölbrautaskóla.

### Greinargerð.

Markmið tillögunnar eru m.a. að efla starfsnám verulega, fjölga valkostum iðnmenntaðra og þeirra með styttri formlega skólagöngu til að bæta við menntun sína og draga úr brottfalli í framhaldsskólum. Enn fremur að stofna styttri námsbrautir sem eru þeirrar gerðar að nemendur geta alltaf bætt nýju námi ofan á, eyða úreltri aðgreiningu milli verknáms og bóknáms, endurskoða samsetningu náms í grunnskólum með tilliti til verknáms, efla framhaldsskólastigið markvisst og tryggja nægjanlegt framboð verkmenntaðs fólks á vinnumarkaði. Með starfsnámi er átt við nám sem fellur undir iðn-, verk- og listnám hvers konar í framhaldsskólum.

Sérstaklega verði endurskoðað reiknilíkanið sem er notað til að deila út fjármagni til framhaldsskólanna og hefur m.a. að verkum að fjölda umsækjenda sem hyggst snúa aftur til náms er vísað frá skólunum vegna fjárskorts þeirra af hálfu ríkisvaldsins.

### Fjöltækninám.

Samfylkingin telur áriðandi að efla verkmenntun og koma á fót fjöltækninámi á sérstökum námsbrautum, m.a. til að auka framboð á fjölbreyttu verk- og tækninámi að loknum framhaldsskóla. Fjöltækninám er skólastig sem tekur við af framhaldsskóla og gegnir m.a. hlutverki frumgreinadeilda fyrir þá sem hafa lokið verknámi en ekki stúdentsprófi. Lögð er áhersla á hagnýtt nám í verk- og tæknigreinum.

Með slíku námi gefst tækifæri til sóknar í verk- og tæknimenntun þar sem iðnmenntuðu fólki og öðrum sem hafa styttri formlega skólagöngu að baki opnast greið leið til að bæta við menntun sína.

Lítill þróun hefur verið í almennu verk- og tækninámi að loknum framhaldsskóla. Að þessu leyti hefur fjölbreytni í framboði á námi að loknum framhaldsskóla verið takmörkuð. Til að efla fjöltækni- og háskólastigin er mikilvægt að auka fjölbreytni varðandi námsleiðir þannig að sem flestir finni sér nám við hæfi. Sérstaklega ber að skoða með hvaða hætti megi byggja upp fjöltækniskóla sem bjóði upp á fjölbreytt verk- og starfsnám að loknum framhaldsskóla. Slíkt nám gæti hentað stórum hópi nemenda og gagnast fjölmörgum starfs- og atvinnugrein-

um, bæði hefðbundnum og nýjum t.d. þeim sem tengjast vaxtagreinum í verslun og þjónustu af ýmsu tagi.

Tryggja þarf fjölbreyttari aðgangsmöguleika að háskólastiginu þannig að viðurkenndar verði ólíkar leiðir að háskólanámi, svo framarlega sem eðlilegum kröfum um þekkingu og reynslu sé mætt. Hér er mikilvægt að viðurkennt verði að hægt sé að fara ólíkar leiðir að sama marki og að nemendahópur með ólíkan bakgrunn og ólíka reynslu geti auðgað skólastarfið og skilað meiri verðmætum. Setja þarf skilgreind markmið fyrir þessi skólastig um magn og gæði þar sem m.a. verði tekið á framboði á námi, fjölda nemenda og minna brottfalli úr námi.

### **Hátt brottfall.**

Mikilvægt er að vinna að breytingum á íslensku skólakerfi til að taka sérstaklega á brottfalli úr framhaldsskóla og því mikla vandamáli sem það er fyrir einstaklinga og samfélagið allt enda er brottfall verulega mikið á Íslandi samanborið við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndum. Til þess að þau markmið náist verður m.a. að gera sérstakt átak í starfsnámi sem miðar að því að fjölgreind nemenda fái þroskast og gömlu skilin á milli bóknáms og verknáms máist út. Áriðandi er að nemendur eigi alltaf greiða leið aftur inn í skólana hafi þeir hætt námi tímabundið eða vilji bæta við fyrri menntun sína.

Samkvæmt opinberum tölum útskrifast innan við 70% íslenskra framhaldsskólanema en meðaltalið er 82% innan OECD-ríkjanna og yfir 90% í Svíþjóð. Þetta mikla brottfall er einn stærsti vandi skólakerfis okkar og má rekja það að hluta til lítils framboðs á fjölbreyttu starfsnámi og styttri námsbrautum, skorts á námsráðgjöf í bæði grunn- og framhaldsskólum og lítillar kynningar á kostum verknámsins. Það er mikilvægt að stórauka námsráðgjöf í framhaldsskólum, en með því móti væri hægt að stemma verulega stigu við brottfallinu.

Samhliða starfsnámsátakinu þykir flutningsmönnum tillögunnar rétt að fram fari öflugt kynningarátak á kostum starfsnáms og þeim möguleikum sem það opnar til frekara náms og fjölbreyttra og skemmtilegra starfa. Einnig er lögð áhersla á það að mikilvægt framfaramál fyrir íslenskan iðnað og íslenska iðnaðarmenn er að iðnmeistaránám verði endurskoðað svo að það verði sambærilegt við það sem best gerist erlendis og áhersla verði lögð á að samræma það á milli greina.

### **Styttri námsbrautir.**

Mikilvæg viðbót við framhaldsskólamenntun okkar væri fjölbreytt framboð styttri námsbrauta í ýmsum starfsgreinum í þjónustu og öðrum störfum sem heyra ekki undir neinar faggreinar og eru miðaðar við að leið fólks sé alltaf greið til að bæta við nýjum greinum. Fólk geti alltaf með greiðum og augljósum hætti bætt nýju námi við. Dyrnar í skólann þurfa alltaf að vera opnar og námið þannig sniðið að auðvelt sé að byggja ofan á það.

Framboð á slíkum styttri námsbrautum mundi valda miklum breytingum fyrir marga unga og óráðna einstaklinga sem hvorki vilja binda sig við lengra hefðbundið starfsnám né hafa áhuga eða aðstæður til þess að ljúka stúdentsprófi.

### **Minnkandi aðsókn – skortur á iðnaðarmönnum.**

Starfsmenntunin á í vanda sem lýsir sér m.a. í því að aðsókn að mörgum greinanna hefur minnkað og blasir við skortur á fagmönnum í einstökum greinum, t.d. járn- og málmíðnaði. Verknámið er að mörgu leyti hætt að kenna á landsbyggðinni og framboð á starfsmenntun hvers konar hefur minnkað í fjölbrautaskólum landsins. Skortur á iðnaðarmönnum kemur til með að standa íslenskum iðnaði fyrir þrifum á næstu árum. Sem dæmi um mikilvægi fólks

með starfsmenntun má nefna að iðnaðurinn skapar miklar tekjur og þrjár af hverjum tíu krónum í landsframleiðslunni verða til í ýmsum greinum iðnaðar, t.d. stóriðju, byggingariðnaði, matvælaíðnaði, trjávöruíðnaði, pappírsiðnaði, málmíðnaði, verktakastarfsemi, upplýsinga- og tækniíðnaði o.s.frv., eins og fram kemur í tölum Þjóðhagsstofnunar.

### **Vandi í reiknilíkaninu.**

Fjárhagsvandi starfsmenntunar á rætur í reiknilíkani sem notað er til dreifingar á fjármagni til framhaldsskólanna. Líkanið skilar starfsnámi ekki því sem eðlilegt er til að hægt sé að halda því úti með sómasamlegum hætti. Við þessu hefur ekki verið brugðist og hefur það haft þær afleiðingar að aðsókn að einstökum greinum hefur minnkað, starfsnám hefur lagst af í mörgum skólum og lítill þróun hefur átt sér stað í stofnun nýrra, styttri námsbrauta.

Ein mikilvægasta undirstaða nýsköpunar í atvinnulífinu er gott starfsnám sem svarar kröfum tímans og er eftirsótt af ungu fólki.

Samtök iðnaðarins hafa gagnrýnt reiknilíkanið harkalega og segja það ónothæft mælitæki á fjárförf íslenskra framhaldsskóla, sérstaklega iðnskóla og verkmenntaskóla, eins og fram kom í yfirlýsingu frá samtökunum í nóvember 2002. Reiknilíkanið er óviðunandi vegna þess að það tekur ekki nægjanlegt tillit til þess að starfsmenntun er kostnaðarsamari en bóknámið. Því leggja flutningsmenn tillögunnar mikla áherslu á það að samhliða átakinu fari fram gagn-ger endurskoðun á reiknilíkaninu.

### **Samsetning náms í grunnskólum.**

Áriðandi er að grípa til markvissra aðgerða til að rétta hlut starfsnámsins samhliða því að tryggja því nauðsynlegt fjármagn. Það mun hafa alvarlegar afleiðingar fyrir íslenskt atvinnulíf ef hnignun starfsnámsins heldur áfram og ekki verður gripið til markvissra aðgerða til að snúa þessari þróun við. Samhliða átaki í kennslu og kynningu starfsnáms og fjölgun styttri námsbrauta þarf einnig að breyta uppbyggingu og samsetningu náms í grunnskólunum og gera list- og verknámsgreinum hærra undir höfði.

### **Brottfallið stórt vandamál.**

Brottfall úr framhaldsskólum og réttindaleyfi á vinnumarkaði hefur slæm áhrif á fólk og sálfræðilegar afleiðingar menntakerfis sem elur það af sér eru slæmar. Kerfið býr til áföll snemma á lífsleiðinni fyrir tæpan þriðjung hvers árgangs. Þetta er óviðunandi enda leggja flutningsmenn tillögunnar mikla áherslu á að komist verði fyrir brottfallið, m.a. með því að efla stórum starfsnámið við fjölbrautaskóla landsins.

Í skýrslu menntamálaráðuneytisins um styttingu náms til stúdentsprófs frá 2003 kemur fram að „af nemendum á fyrsta námsári í starfsnámi er stærsti hópurinn skólaárið 1997/1998, eða 2.579 einstaklingar, og sá minnsti skólaárið 1993/1994 eða 2.038 einstaklingar. Nemendur sem útskrifast með annað en stúdentspróf eru flestir skólaárið 1997/1998, eða 1.521 einstaklingar, og fæstir 1998/1999 eða 1.390 einstaklingar. Meðalfjöldi nemenda á fyrsta námsári eru 2.259 en 1.441 brautskráðir nemendur. Sýnir þetta mikinn mun á fjölda þeirra sem hefja starfsnám og ljúka því, eða mismun upp á 36% að meðaltali. Sambærilegur mismunur á fjölda nemenda sem hefja nám á stúdentsbrautum og öðrum bóknámsbrautum og ljúka stúdentsprófi er að meðaltali 58%.“ Þessar tölur tala sínu máli um það hve alvarlegt vandamál brottfall úr framhaldsskólum er og hve brýnt er að vinna gegn því.

### **Festast á jaðrinum.**

Þeir sem ekki eiga kost á að mennta sig og auka færni sína eru líklegri en aðrir til að festast á jaðri þekkingarsamfélags framtíðarinnar og lifa við fátækt. Menntakerfi framtíðarinnar verður því að bjóða upp á sífella menntun, opinn skóla, þar sem fólk á kost á að þjálfa upp nýja hæfni til að verða gjaldgengt á vinnumarkaði. Þetta er afar brýnt, ekki síst þegar haft er í huga að hér á landi ljúka 40% hvers árgangs ekki framhaldsnámi samkvæmt rannsóknnum við Háskóla Íslands. Færri Íslendingar stunda því nám á framhaldsskólastigi en annars staðar á Norðurlöndunum. Einungis 56% Íslendinga á aldrinum 25–65 ára hafa lokið framhaldsskólaprófi en þetta hlutfall er 78% annars staðar á Norðurlöndum. Með öflugri sókn í starfsmenntun og fjölgun styttri námsbrauta, sem auðvelt er að bæta við síðar, mun þetta breytast hratt og örugglega til hins betra.

### **Virðing fyrir starfsnáminu.**

Í kynningu á iðnnámi þarf að leggja megináherslu á að það sé ekki andstæða langskólánáms og vinna þarf gegn því hvernig skilið er á milli iðn- og starfsnáms annars vegar og bóknaáms hins vegar. Iðnnám þarf að kynna sem áfanga á leið, eftirsóknarverðan áfanga sem opnar nýjar leiðir og skapar fjölmörg tækifæri á vinnumarkaði til fjölbreyttra og vel launaðra starfa og ekki síður fjölmargar leiðir til áframhaldandi náms, hvort heldur er tækni- eða háskólanáms.

Það er eftirspurn eftir fólki með fjölbreytilega samsetningu náms og fjöldi starfa felur í sér blöndu af verklegri og bóklegri kunnáttu. Á meðan starfsnámið er fjársvelt, lítið kynnt og lítið kennt í grunnskólum mun því halda áfram að hnigna, samfélaginu öllu til mikils skaða.

### **Þarfir atvinnulífs skilgreindar.**

Til að byggja upp öflugt iðn-, verk- og listnám í framhaldsskólunum þarf að skilgreina vel þarfir atvinnulífsins, sem og einstaklinganna, og móta námskrána með þær að leiðarljósi. Fyrirtæki landsins verða hverju sinni að geta komið hæfniskröfum sínum inn í námskrána, verkmenntaskólarnir þurfa að hafa aðstöðu, tæki og hæfni til að geta kennt samkvæmt námskrám og námsefni þarf að vera aðgengilegt, en útgáfa á námsefni er fjarri því að vera í lagi vegna lítilla fjárframlaga til námsgagnagerðar. Árið 2002 var sú upphæð 18,2 millj. kr. samtals fyrir alla framhaldsskólana í landinu og fær Iðnú ekki nema brot af því. Því leggja flutningsmenn tillögunnar á það ríka áherslu að endurskoðun námsefnis eigi sér stað samhliða átaki til eflingar náminu.

### **Iðnmeistaránám endurskoðað.**

Um leið og starfsmenntun framhaldsskólanna er endurskoðuð og eflað er mikilvægt að líta til iðnmeistaránámsins. Það er nauðsynleg viðbót við grunnmenntun í iðngreinum og aðgengi að því þarf að vera gott. Svo er ekki í öllum greinum nú og talsvert misræmi á milli meistaránáms í einstökum iðngreinum. Námsstími er mjög mislangur og áriðandi að samræma hann eins og hægt er. Í núverandi ástandi felst sú hættu að nýliðun verði lítil og eftir ákveðinn tíma verði um alvarlegan skort á iðnmeisturum að ræða. Fyrst og fremst er þetta réttlætismál þar sem það er ósanngjarnt að námið sé miklu lengra, og þar með miklu dýrara, hér en annars staðar. Einnig þarf að horfa til samræmis á milli landa. Það er mikilvægt hagsmuna- og framfaramál fyrir íslenskan iðnað og íslenska iðnaðarmenn að meistaránám verði endurskoðað svo að það verði sambærilegt við það sem best gerist erlendis.